

KNAT3KS02

Búið til: Wed, 05 Aug 2015 16:18:43 GMT

Titill

Knattspyrnuakademía 01

Skammstöfun

KNAT3KS02

Útgáfunúmer

17

Námsgrein

knattspyrna

Viðfangsefni

Knattspyrnuakademía 01

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

2

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Viðfangsefni áfangans er knattspyrna og eru kennslutímarnir að mestu verklegir. Lesefni, myndbönd o.fl. tengt viðfangsefninu verður sett á moodle og nemendur vinna fjölbreytt verkefni (einstaklings, hópa, umræðuþræðir o.fl.). Í áfanganum verður farið í a.m.k. eina æfinga- og/eða keppnisferð til Akureyrar. Í áfanganum verður lögð sérstök áhersla á eftirfarandi tækniatriði, þ.e. knattrak, knattmeðferð, sendingar og móttöku.

Forkröfur

ÍþRF2ÞJ05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi góðrar og vel uppsettrar upphitunar sem hluti af æfingu
- reglunum knattspyrnunnar
- hvernig tækniatriði knattspyrnu eru þjálfuð með mismunandi erfiðleikastigum, þ.e. frá einföldum æfingum til flókinna æfinga
- nýtingu ólíks spilaforms til að þjálfra tækni- og leikfræðileg atriði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- framkvæma góða og skipulagði upphitun til undirbúnings fyrir æfingu og keppni
- útfæra og framkvæma tækniatriði knattspyrnunnar, allt frá einföldum til flókinna atriða
- meta knattspyrnureglurnar við að horfa á kappleiki og dæma hjá samnemendum
- meta getu iðkenda til að velja rétt erfiðleikastig æfinga til að þjálfra tækniatriði

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- bæta sig sem knattspyrnumaður
- meta og velja réttar æfingar til að þjálfra ákveðin tækni- og leikfræðileg atriði
- meta og velja ólík spilaform til að þjálfra mismunandi tækni- og leikfræðileg atriði
- geta tekið þátt í umræðum um viðfangsefnin á faglegan og uppbyggilegan hátt

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar. Nemendur þurfa að uppfylla skilyrði um mætingu og virkni í tímum. Áfanginn er metinn út frá verkefnaskilum, mætingu, virkni, færni og áhuga.

Skólar**Fyrirmynd**